

1143. Stjórnarfundur VR

Haldinn sunnudaginn 31. janúar 2016, kl. 17:00 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigmundur Halldórsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Benóný Valur og Ragnar Þór tóku þátt í fundinum með fjarfundarbúnaði.

Gestir: Guðmundur B. Ólafsson lögmaður VR og Steinunn Böðvarsdóttir starfsmaður VR.

Áður en gengið var til auglýstrar dagskrár óskaði Ólafía Björk eftir samþykki fyrir því að Steinunn Böðvarsdóttir, starfsmaður VR, fengi að sitja fundinn til þess að undirbúa fréttatilkynningu sem væntanlega yrði send út í lok fundar. Var það samþykkt og Steinunn kom þá til fundar.

Þá tilkynnti Ólafía Björk að Benóný Valur og Ragnar Þór myndu sitja fundinn með fjarfundarbúnaði.

Einnig óskaði Ólafía Björk eftir samþykki fundarmanna fyrir breytingu á dagskrá þannig að auglýstur liður nr. 2 yrði nr. 3 (formleg svör við fyrirspurn Páls Líndals stjórnarmanns) og liður nr. 3. yrði liður nr. 4 (önnur mál). Þannig myndi liður nr. 2 nú fjalla um álit lögmanns VR vegna bréfs Helga Sigurðssonar hrl vegna kröfu Ástu Rutar Jónasdóttur. Voru þessar dagskrárbreytingar samþykktar.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1142. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar.

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1142. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Álit lögmanns VR vegna bréfs Helga Sigurðssonar hrl, um kröfu Ástu Rutar Jónasdóttur

Guðmundur B. Ólafsson, lögmaður VR, sem var gestur fundarins, fór nú lauslega yfir bréf Helga Sigurðssonar hrl um kröfu Ástu Rutar Jónasdóttur vegna kosninga í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Sagði hann að kjarni málsins væri að það fjallaði um tvö álitafni; atkvæðarétt Ástu Rutar og ágalla á kosningu. Vegna þessa hafi hann að beiðni stjórnar skrifað lögfræðilegt álit sitt á málinu og þeim rökum sem lögð væru fram í bréfi lögmanns Ástu Rutar. Las Guðmundur þá upp eftirfarandi álit sitt og birti á skjá:

„Álit

Álit þetta er gert að beiðni stjórnar VR vegna bréfs Helga Sigurðssonar hrl., um kröfu Ástu Rutar Jónsdóttur (ÁRJ) um endurtekningu kosningar í trúnaðarráði VR vegna vals á fulltrúum í stjórn Lífeyrissjóðs Verslunarmanna.

I. Almennt um val á fulltrúum í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna. (LV)

Í grein 5.1 í samþykktum Lífeyrissjóðs verslunarmanna segir
“ Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum Fjórir eru tilnefndir af stjórn VR og fjórir tilnefndir af þeim samtökum atvinnurekenda, sem að sjóðnum standa þannig..... ”

Hvorki er í kjarasamningi VR og SA né í lögum VR ákvæði um hvernig staðið skuli að vali fulltrúa VR í stjórn LV. Ákvörðun um tilnefningu fulltrúa er því á ábyrgð stjórnar VR.

Stjórn VR ákvað á árinu 2014 að auka lýðræði við val á fulltrúum með því að óska eftir umsóknum frá aðilum sem væru tilbúnir að gefa kost á sér til stjórnarsetu. Samþykktar voru verklagsreglur í stjórn sem kynntar voru á aðlafundi 2014. Í reglunum var m.a. kveðið svo á um að við val á umsækjendum færi fram kosning í trúnaðarráði um tvo af fjórum fulltrúum. Samkvæmt 14. grein laga VR segir að að trúnaðarráð skuli vera ráðgefandi um meiriháttar mál.

Auglýst var eftir fulltrúum til setu í stjórn LV og voru umsækjendur 37. Í samræmi við greinargerð með verklagsreglum stjórnar voru valdir 16 einstaklingar úr þeim hópi sem kjósa átti um.

Í aðdraganda þess var sent út béf dags. 18. janúar 2016 til allra umsækjenda, sem komust áfram í 16 manna hópinn, þar sem tilgreint var að þeir aðilar sem sætu áttu í trúnaðarráði hefðu ekki atkvæðisrétt. Það var gert til að gæta jafnræðis milli umsækjenda, en meðal umsækjenda voru 2 stjórnarmenn og 5 aðilar sem sæti eiga í trúnaðarráði. Engar athugasemdir komu frá umsækjendum um þessa framkvæmd.

Eftir að niðurstaðan lá fyrir staðfesti stjórn VR á fundi sínum þann 27. janúar sl. tilnefningu fulltrúa VR til stjórnar LV.

II. Um atkvæðisrétt.

Í bréfi lögmanns ÁRJ, er gerð athugasemd við þá framkvæmd að umsækjendur sem sitji í trúnaðarráði (þ.a.m. ÁRJ) hafi ekki haft atkvæðisrétt. Bent er á að missir atkvæðisréttar sé brot á jafnræði auk þess sem engin heimild sé til að svipta menn atkvæðisrétti í lögum, reglum eða samþykktum félagsins.

Í 11. gr. laga VR kemur fram sú meginregla að stjórnarmenn skulu víkja sæti ef hagsmunir þeirra kunna að fara í bága við hagsmuni VR. Með þessu lagaákvæði er verið að tryggja að hagsmunir VR skuli ganga framur einstaklingshagsmunum stjórnarmanna.

Í vinnureglum stjórnar er hnykkt á þessu ákvæði en þar segir:

- *„Á stjórnarmann er lögð sú skylda að honum ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans og félagasamtök eða félög þar sem hann situr í stjórn. Stjórnarmanni er skylt að upplýsa um atvik sem geta valdið vanhæfi hans og skal hann gera það um leið og slík mál koma upp. Vanhæfur stjórnarmaður á ekki að taka þátt í meðferð slíks máls að neinu leyti og á þar af leiðandi ekki að fá aðgang að gögnum eða vera viðstaddur umræður og ákvarðanatöku á stjórnarfundum. Stjórn tekur ákvörðun um vanhæfi einstakra stjórnarmanna ef vafamál kemur upp. Stjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.“*

Á fundi stjórnar í nóvember 2015 er fjallað var um tilnefningu fulltrúa í stjórn LV og minnt á framangreindar reglur.

Eins og fram kemur í bréfi framkvæmdastjóra VR þann 18. janúar, þar sem þessi framkvæmd er tilkynnt, er verið að gæta jafnræðis meðal umsækjenda. Með því er átt við að allir umsækjendur sitji við sama borð er kemur að vali umsækjenda,

Við val á tveimur fulltrúum í stjórn LV þann 27. janúar véku 2 stjórnarmenn af fundi við meðferð málsins á grundvelli þessarar samþykktar.

Til að gæta jafnræðis milli umsækjenda, þ.e.a.s. annars vegar þeirra, sem sitja í trúnaðarráði og hins vegar þeirra sem gátu ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins á grundvelli þess að þeir eru stjórnarmenn eða eiga ekki sæti í trúnaðarráði, var tilkynnt að enginn umsækjenda hefði atkvæðisrétt.

Hér eru hafðar til hliðsjónar almennar jafnræðisreglur sem og reglur um sérstakt hæfi þar sem niðurstaðan varðar þá persónulega. Eins er ákvörðunin í samræmi við áður tilvitnað ákvæði úr lögum VR og vinnureglum stjórnar, sem á jafnt við um stjórn og trúnaðarráð.

Þau rök lögmanns ÁRJ að í því felist jafnræði að ÁRJ geti greitt atkvæði sem snúist um hennar eigin hagsmuni þegar aðrir umsækjendur hafa ekki atkvæðisrétt stenst enga skoðun og er algerlega hafnað.

Sú framkvæmd að umsækjendur hafi ekki haft atkvæðisrétt er varðaði þeirra eigin persónulegu hagsmuni einkum í ljósi þess að einungis 5 höfðu atkvæðisrétt af 16 umsækjendum, er málefnaleg og í fullu samræmi við lög og reglur VR og meginreglur um jafnræði og hæfi.

Þá er athygli vakin á því að AJR gerði enga athugasemd við tilvitnað bréf frá 18. janúar sl. um atkvæðarétt og verður athafnarleysi hennar ekki túlkað með öðrum hætti en að hún hafi samþykkt þessa framkvæmd.

III. Um framkvæmd kosningar.

Rétt er sem fram kemur í bréfi lögmanns ÁRJ að í upphafi voru gerð mistök við prentun atkvæðaseðla þar sem of mörg nöfn voru rituð á atkvæðaseðilinn. Kosning var því stöðvuð og útbúnir nýjir atkvæðaseðlar. Við afhendingu atkvæðaseðla var merkt við þá aðila sem móttöku atkvæðaseðla. Þeir sömu aðilar fengu allir atkvæðaseðil að nýju. Atkvæðaseðlum var skilað í kjörkassa og var atkvæðagreiðsla því leynileg. Allir sem tóku þátt í fyrri atkvæðagreiðslu greiddu atkvæði við síðari atkvæðagreiðsluna. Atkvæðagreiðslan verður því ekki ógildanleg af þeim sökum.

Hvergi í lögum VR er gert ráð fyrir sérstakri kjörstjórn við afgreiðslu mála í trúnaðarráði og því hafnað að skylt hafi verið að skipa sérstaka kjörstjórn. Einnig ber að hafa í huga að enginn mótmæli eða ágreiningur var um framkvæmd kosninga á fundinum og því reyndi ekki á úrlausn ágreinings. Ef slíkt hefði komið upp þá hefði fundurinn þurft að skera úr um þann ágreining.

Þó svo að galli hafi komið upp við framkvæmd vegna rangra atkvæðaseðla þá verður ekki séð en að rétt hafi verið brugðist við og tryggt að allir sem þegar höfðu tekið þátt tækju greiddu atkvæði að nýju. Gætt var jafnræðis gagnvart öllum umsækjendum og ekki á neinn hallað.

Varðandi framkvæmdina almennt bæði er varðar umsjón og talningu þá er ekki fallist á að framkvæmd hafi verið ábótavant sem leitt geti til ógildingar.

Hafa ber í huga að kosning trúnaðarráðs byggir á vinnureglum stjórnar við val á umsækjendum. Hér er ekki um lögformlegt hlutverk trúnaðarráðs að ræða. Niðurstaða trúnaðarráðs er ráðgefandi fyrir stjórn en stjórn tilnefnir endanlega fulltrúa til setu í stjórn, sem hún gerði á fundi sínum þann 27. janúar sl.

Niðurstaða

Það er álit mitt að niðurstaða stjórnar um tilnefningu stjórnarmanna í stjórn LV er endanleg og ég tel að ekki séu nein rök til að fallast á kröfu um ógildingu kosningar í trúnaðarráði.

Reykjavík 31. janúar 2016.

Virðingarfyllst,

Guðmundur B. Ólafsson hrl. (sign)“

Að loknum upplestri sagði Guðmundur það niðurstöðu sína samkvæmt þessu álitu að Ásta Rut ætti ekki að hafa atkvæðisrétt umfram aðra og að galli á framkvæmd kosningar hafi ekki verið nógu mikill til ógildingar, rétt hafi verið að kosningu staðið og stóðst sú framkvæmd allar kröfur.

Umræður.

Í umræðum bar Páll Örn upp eftirfarandi skriflegar spurningar og óskaði skriflegra svara og sagði Ólafía Björk að honum yrðu send skrifleg svör síðar en las upp spurningar hans og hún og Stefán svöruðu munnlega á þessa leið:

1. Hver sá um og bar ábyrgð á framkvæmd kosningar?

Ólafía Björk svaraði og sagði að framkvæmdastjóri VR bæri ábyrgðina en að starfsmaður VR, Jakob Þór Einarsson, hafi séð um framkvæmdina.

2. Hver tók ákvörðun um að kjósa aftur þegar kom í ljós að kjörseðill var ógildur?

Ólafía Björk sagðist hafa tekið þá ákvörðun sem fundarstjóri á fundinum þegar hún sá að atkvæðaseðill hennar væri ógildur. Fór hún niður til fundarins og tilkynnti að mannleg mistök hefðu orðið við útprentun atkvæðaseðla og að hún hefði stöðvað kosninguna. Bað hún afsökunar á þessu og sagði að hún hafi látið útbúa nýja atkvæðaseðla og hafi enginn mótmælt þessu.

3. Var haft samráð við einhverja stjórnarmenn VR þegar ákvörðun var tekin um að kjósa aftur?

Ólafía Björk svaraði því til að já, öllum var það ljóst á fundinum að það þyrfti að kjósa aftur og engin athugasemd kom fram við það á fundinum.

4. Hvað kusu margir í fyrri kosningunni?

Stefán svaraði og sagði að það hefðu verið 43 í fyrri en 44 í seinni kosningu en að í raun hafi ekki verið um fyrri kosningu að ræða þar sem atkvæðagreiðslan var stöðvuð en að allir hafi verið búnir að fá afhenda kjörseðla og voru það 43.

5. Hvað kusu margir í seinni kosningunni?

Stefán svaraði og sagði þá hafa verið 44.

6. Var lögmaður VR viðstaddur þegar kosningarnar fóru fram?
Ólafía Björk svaraði og sagði svo ekki hafa verið.

7. Hver sá um framkvæmd talningar?

Ólafía Björk svaraði því til að það hafi verið starfsmenn VR, þeir Stefán Sveinbjörnsson, Jakob Þór Einarsson, Árni Leósson, Herdís Magnúsdóttir og að síðan hafi fulltrúi trúnaðarráðs Jóhanna S. Rúnarsdóttir einnig fylgst með talningu.

8. Var frambjóðendum boðið að hafa fulltrúa sína viðstadda til að fylgjast með framkvæmd kosningar? Ef ekki, hvers vegna?

Ólafía Björk svaraði því til að það hafi ekki verið enda ekki talin þörf á því þar sem um hefðbundna kosningu á fundi var að ræða. Fenginn var fulltrúi trúnaðarráðs til að vera viðstaddur talningu.

9. Hvað tók talning atkvæða langan tíma?

Stefán svaraði því að sennilega tók það hálf tíma til klukkutíma.

Í umræðum lagði Helga fram eftirfarandi tillögu:

„Í ljósi þeirra annmarka sem fram hafa komið á kosningu fulltrúa í stjórn lífeyrissjóðs verslunarmanna sem fór fram í fyrsta sinn samkvæmt nýjum reglum sem samþykktar voru á aðalfundi félagsins árið 2014 legg ég til að stjórn VR feli formanni að hlutast til um að kosningin verði endurtekin og sami háttur hafður á og við kjör fulltrúa í stjórn VR og fulltrúar VR í stjórn lífeyrissjóð verslunarmanna verði kosnir rafrænni kosningu með sama fyrirkomulagi og við kjör stjórnarmanna í stjórn VR.“

Eftir stuttar umræður bar Ólafía Björk tillögu Helgu upp til atkvæða. Var tillögunni hafnað með 12 atkvæðum gegn 2.

Umræður.

Í umræðum lagði Helga fram eftirfarandi bókun:

„Bókun

Í grein 5.1 í samþykktum Lífeyrissjóðs verslunarmanna segir

„Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir eru tilnefndir af stjórn VR og fjórir tilnefndir af þeim samtökum atvinnurekenda.

Hvorki er í kjarasamningi VR og SA né í lögum VR ákvæði um hvernig staðið skuli að vali fulltrúa VR í stjórn VR í stjórn LV. Ákvörðun um tilnefningu fulltrúa er því á ábyrgð stjórnar VR.

Í ljósi þeirra annmarka sem fram hafa komið á kosningu fulltrúa í stjórn lífeyrissjóðs verslunarmanna sem fór fram í fyrsta sinn samkvæmt nýjum reglum sem samþykktar voru á aðalfundi félagsins árið 2014 legg ég til að stjórn VR feli formanni að hlutast til um að kosningin verði endurtekin og sami háttur hafður á og við kjör fulltrúa í stjórn VR og fulltrúar VR í stjórn

*lífeyrissjóð verslunarmanna verði kosnir rafrænni kosningu með sama fyrirkomulagi og við kjör stjórnarmanna í stjórn VR.
Helga Ingólfssdóttir“*

Þá lagði Páll Örn fram eftirfarandi bókun:

„1143. Stjórnarfundur VR 30. janúar 2016.

Bókun.

Tek undir kröfu Ástu Rut Jónasdóttur um að kosning til stjórnar LV verði endurtekin.

Fyrsta lagi vegna ábendinga hennar um galla kosningar, samkvæmt bréfi lögmans hennar 29. janúar.

Í öðru lagi um kröfu mína um framkvæmd kosningar sem var ekki afgreidd efnislega af stjórn áður en kosningarnar hófust.

Ítreka álit lögmans míns sem sent var stjórnna 25. janúar um að framkvæmd hafi ekki verið í samræmi við reglur sem stjórn samþykkt 2014 um framkvæmd kosningar.

*Virðingarfyllst
Páll Örn Líndal (sign)“*

Þá lagði Birgir Már fram eftirfarandi bókun:

„Ég undirritaður óska eftir að rökstuðningur minn fyrir atkvæði mínu gegn ógildingu kosnina í trúnaðarráði verði fært til bókar.

Eftir að hafa kynnt mér þau rök sem mæltu með ógildingu og þeim er mæltu gegn ógildingu, þá er það skoðun mín að annmarkar þeir sem ræddir hafa verið hafi ekki haft þau áhrif á útkomuna úr kosningum að réttlæti ógildingu kosninganna og að kosningar verði endurteknar.

Ég vil hinsvegar leggja á það áherslu samhliða atkvæði mínu að nauðsynlegt sé fyrir stjórn að taka ábendingar þær sem bárust alvarlega og endurskoða fyrirkomulagið með tilliti til þeirra. Þá stíð ég þá hugmynd sem rædd var á fundinum, að koma á svipuðu fyrirkomulagi á kostningar til stjórnar LIVE eins og gilda um kosningar til stjórnar VR.

*Virðingarfyllst,
Birgir Már Guðmundsson“*

Ólafía Björk bað nú Guðmund um að fara yfir aðalatriðin í reglum stjórnar VR um tilnefningu VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sem áður hafa verið samþykkt í stjórn VR þann 12. mars 2014 og oftár verið kynnt og farið yfir á stjórnarfundum undanfarið. Fór Guðmundur nú lauslega yfir aðalatriði þeirra reglna og kom m.a. fram í máli hans að vald stjórnar til vals umsækjanda væri ekki framsal til Hagvangs. Heimild trúnaðarráðs til að kjósa um umsækjendur væri einnig ótvíræð. Trúnaðarráð væri með þessu kallað til aðstoðar stjórn við þetta val. Þetta væri lýðræðislegra og fleiri kæmu þannig að valinu. Það sé í raun að lokum stjórnar VR að tilnefna í stjórn LV og í þetta sinn að gefinni ráðgjöf trúnaðarráðs.

Þegar hér var komið spurði Ólafía Björk hver stjórnarmanna hefði undanfarið lekið upplýsingum vegna þessa máls til fjölmiðla. Páll Örn gaf sig þá fram og sagðist hafa gert það en óskaði eftir að fá að skýra málavexti.

Ólafía Björk óskaði þá eftir að það yrði fært til bókar að Páll Örn Líndal hefði brotið siða- og verklagsreglur stjórnar og viðurkennt það.

Næst setti Ólafía Björk upp á skjá drög að ályktun stjórnar vegna þessa máls og las upp. Að loknum upplestri bað hún um athugasemdir og breytingartillögur ef einhverjar væru.

Umræður.

Í umræðum lagði Bjarni Þór til að þetta yrði borið upp til atkvæða sem ályktun stjórnar.

Umræður.

Kl. 18:35 var ákveðið að taka c.a. 15 mínúta hlé á fundi og gera breytingar á ályktuninni í samræmi við athugasemdir sem fram komu í umræðum.

Kl. 18:48 hófst fundur að nýju en þá hafði Svanhildur Ólöf vikið af fundi.

Ólafía Björk sagði að í umræðum hefðu komið fram tvær tillögur að breytingu á fyrstu málsgrein og las hún upp af skjá þær tvær breytingartillögur. Eftir stuttar umræður sameinuðust fundarmenn um aðra breytinguna og var tillaga að ályktun því svohljóðandi:

„Ályktun stjórnar VR 31. janúar 2016

Stjórn VR hafnar kröfum um ógildingu á kosningu trúnaðarráðs félagsins á fulltrúum þess í stjórn Lífeyrissjóð verzlunarmanna sem fram fór í síðustu viku. Stjórnin hefur farið yfir gagnrýni sem barst á fyrirkomulag kosningarinnar, skoðað öll gögn málsins og fengið álit lögmanns félagsins. Það er mat stjórnarinnar að fyrirkomulag félagsins á vali á fulltrúum VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna kjörtímabilið 2016 – 2019 hafi verið í samræmi við reglur félagsins þar að lútandi, vinnureglur stjórnar og lög félagsins.

Markmið félagsins með nýjum reglum um tilnefningu í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, sem samþykktar voru í stjórn í mars árið 2014 og kynntar á aðalfundi það sama ár, er að auka lýðræði við val á fulltrúum VR í stjórn sjóðsins. Að loknu opnu umsóknarferli var í síðustu viku kosið í stjórn og trúnaðarráði VR milli sextán hæfustu einstaklinganna til fjögurra sæta í stjórn LV og fjögurra sæta í varastjórn. Tveir umsækjenda sendu stjórn athugasemdir við það hvernig þessu vali var háttað. Gerð var krafa um að kosning trúnaðarráðs á tveimur stjórnarmönnum í aðalstjórn og fjórum í varastjórn yrði ógilt og boðað yrði til nýrra kosninga. Því hafnar stjórn VR.

Stjórn VR, 31. janúar 2016“

Ólafía Björk bar þá þessa ályktun upp til atkvæða og var hún samþykkt með 13 atkvæðum gegn 2.

3. Formleg svör við fyrirspurn Páls Línalds stjórnarmanns

Ólafía Björk fór nú yfir skrifleg svör við áður framkomnum spurningum Páls Arnar Línald vegna framkvæmdar kosninga stjórnarmanna í Lífeyrissjóð verzlunarmanna. Las hún upp jafnt spurningar Páls Arnar og svör sín sem eru eftirfarandi:

1. Er rétt að eiginkona/sambýliskona framkvæmdarstjóra VR vinni hjá Hagvangi?

Já það er rétt að hún stýrir starfstöð Hagvangs í Borgarnesi eins og sjá má á tilkynningu frá Hagvangi í mars 2015 sem birtist meðal annars í Viðskiptablaðinu.

2. *Var leitað tilboða hjá öðrum ráðningarstofum í sambandi við mat á umsækjendum til stjórnar LIVE?*

Nei.

3. *Ef það var leitað tilboða hjá öðrum aðilum var þá tilboð Hagvangs best?*

4. *Ef ekki var leitað tilboða, hver ákvað þá að ráða Hagvang í að meta umsækjendur til stjórnar LIVE og út frá hvaða forsendum var unnið við þessa ákvörðun?*

Fyrst ber að geta þess að Hagvangur er rótgróið og virt fyrirtæki á þessum markaði, VR hefur skipt við fleiri fyrirtæki þegar að um ráðningar er að ræða. Formaður tók ákvörðunina á grundvelli greinagerðar með reglum um tilnefningu stjórnar VR í LV.

4. *Ef það reynist rétt að þessi tengls framkvæmdarstjóra VR við Hagvang séu rétt. Var stjórn VR upplýst um það? Ef svo, hvenær var það gert?*

Ekki þótti ástæða til að upplýsa stjórn VR um tengslin þar sem það var alveg skýrt frá upphafi að eiginkona framkvæmdastjóra kæmi ekki að verkefninu með einum eða öðrum hætti. Þeir sem komu að verkefninu af hálfu Hagvangs voru Leifur Geir Hafsteinsson doktor í vinnusálfræði og Sverrir Briem.

Fundi var slitið kl. 19:07
Árni Leósson fundarritari